

Erindisbréf

starfshópur um kolefnisförgun í Straumsvík og Carbfix-verkefni

Hlutverk:

Hópurinn er starfshópur um kolefnisförgun í Straumsvík og svokallað Carbfix-verkefni.

Meginverkefni hópsins eru:

- Að stuðla að og fylgja eftir viljayfirlýsingu viðkomandi aðila og tryggja samræmingu verkefnisins milli sviða og stofnana bæjarins eftir framvindu þess
- Undirbúa kynningu fyrir íbúa og hagsmunaaðila í sveitarfélaginu

Starfshópurinn skal hefja störf eftir að bæjarráð hefur skipað í hópinn og starfar hann í umboði bæjarráðs.

Skipulag:

Greitt verður fyrir fundarsetu skv. reglum bæjarfélagsins þar að lútandi. Skrá skal í fundargerðir öll þau atriði og ákvarðanir sem skipta kunna máli í tengslum við störf hópsins.

Fundir af hálfu hópsins eru að jafnaði haldnir mánaðarlega eða eftir því sem þörf er á. Starfshópurinn tekur þegar til starfa og skal starfstími hans miðast við lok meginverkefna hópsins og nauðsynlegrar eftirfylgni hvað þau varðar.

Skipan starfshópsins:

3 fulltrúar frá meirihluta.

2 fulltrúar frá minnihluta.

Starfsmenn starfshópsins eru:

Sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs

Sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

„Í starfi sínu skal hópurinn hafa til hliðsjónar jafnréttis- og mannréttindastefnu Hafnarfjarðarbæjar sem hefur það að markmiði að virða mannréttindi. Kynja- og jafnréttissjónarmið skal samþætt allri starfsemi bæjarins og jafnrétti meðvitað haft í huga við alla stefnumótun og ákvarðanatöku.“

Erindisbréf samþykkt í bæjarráði 22. september 2022.